

Austurlandi 14.11.2018

Sveitarfélög á starfssvæði SSA

Bt. bæjar-/sveitarstjóra

Efni: Efling Egilsstaðaflugvallar og framtíð verkefnis:

Samþykkt var á aðalfundi SSA að leggja niður Atvinnuþróunarsjóð Austurlands frá næstu áramótum. Það er því ljóst að ákveða þarf hvort og þá með hvaða hætti flugvallarverkefnið skuli fjármagnað áfram.

Austurbrú leggur áherslu á að flugvallarverkefnið haldi áfram en nauðsynlegt er þó á þessum tímamótum að skoða markmiðin og áherslur verkefnisins. Verkpættir og áherslur verkefnisins sl. ár hafa verið tengslamyndun og eftirfylgni tækifæra gagnvart flugfélögum og ferðaskrifstofum, greiningavinna ýmiskonar og gagnaöflun, framleiðsla á markaðsefni og stofnun leiðar og markaðsþróunar sjóðs fyrir Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll. Annar stór þáttur sem hefur komið inn í verkefnið á síðustu tveimur árum er þátttaka í vinnu í tengslum við rekstrarfyrirkomulag flugvalla sem og hagsmunagæsla fyrir flugvöllinn er tengist bæði innanlands- og millilandaflugi.

Til þess að Egilsstaðaflugvöllur komi til greina hjá erlendum flugfélögum, þá er mikilvægt að völlumurinn sjálfur sé útbúinn tækni og innviðum sem þarf til. Einnig er mikilvægt að átta sig á því að samkeppni er hörð og til að áfangastaðurinn sé spennandi valkostur þarf að þróa hann áfram samhliða því sem völlumurinn er áfram byggður upp og kynntur.

Það er ljóst að viðræður síðasta árs við áhugasöm flugfélög voru erfiðar með sterka krónu og minni eftirspurn eftir Íslandi sem áfangastað. Hlutirnir geta þó breyst hratt og ef við missum þráðinn og áherslur landshlutans liggja annarsstaðar þegar kemur að alþjóðagátt inn í landið þá eigum við ekki möguleika á að vera valin.

### Áhersla 2019:

Austurbrú leggur til að verkefnið haldi áfram að fylgja eftir samtölum við þá aðila sem hafa sýnt okkur áhuga í gegnum tíðina með öllum þeim verkfærum sem við höfum í dag s.s. flugþróunarsjóði, markaðsefni og skýrri áfangastaðastefnu fyrir Austurland.

Við leggjum áherslu á að aftur verði skoðaðir möguleikar á tengingu við Keflavík og boða til fundar með leiðarþróunarteymi Air Iceland Connect á nýju ári í samstarfi við helstu hagaðila ferðaþjónustunnar og sveitarfélög. Mikilvægt er að horfa til þeirra vara sem Austurland hefur upp á að bjóða yfir veturinn og höfum við áhuga á að skoða hvort hugmyndir um „Ráðstefnulandið Austurland“ fái einhverjar undirtektir.

Hagsmunagæsla mun verða umtalsverð árið 2019 og eru fyrirsjáanlegir eftirfarandi verkpættir sem þarf að sinna á þeim vettvangi:



- Skilgreint er verkefni í byggðaáætlun er tengist olíuverði á millilandaflugvöllum. Ekki komin vinna af stað þannig að ljóst er að þetta verkefni byggðaáætlunar verður unnið á árinu 2019. Mikilvægt er að breytingar á regluverkinu jafni að fullu mun á verði á eldsneyti á Egilsstöðum og Keflavík og þarf í því samhengi að deila reynslu okkar byggða á samtölum við flugrekstraraðila.
- Flugþróunarsjóður var upphaflega settur á fót til þriggja ára og ætti miðað við það 2019 að vera síðasta ár sjóðsins. Ljóst er að svona verkfæri eru til í löndunum í kringum okkur og fylgja þarf því eftir að sjóðurinn starfi til lengri tíma og hafi fjármagn til umráða á fjárlögum enda um langtímaverkefni að ræða að opna nýjar gáttir inn í landið. Einnig þarf að sinn stjórnarsetu í sjóðnum en þar á Austurland og Norðurland sitt hvort sætið á móti aðilum frá Isavia, Íslandsstofu og forsætis-, fjármála- og atvinnuáráðuneytum.
- Á Norðurlandi var unninn uppbyggingaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll. Mikilvægt er að sambærilegar upplýsingar liggja fyrir varðandi Egilsstaðaflugvöll. Ljóst er að þær liggja ekki fyrir í dag en þær eru nauðsynlegt gagn í umræðuna þegar niðurstaða og tillögur starfshóps um rekstrarfyrirkomulag millilandaflugvallanna liggur fyrir.
- Skoða þarf framtíðarfarveg fyrir þau hlutverk sem Austurbrú hefur haft með höndum og þróa þannig verkefnið áfram. Það er ekki sjálfgefið í okkar huga að öll þau hlutverk sem hafa verið í flugvallaverkefninu undanfarin ár verði áfram á forræði sveitafélaganna í gegnum Austurbrú. Tækifæri gætu skapast fyrir slíka þróun ef breytingar verða í umhverfinu sem miða að því að millilandaflugvellirnir á Íslandi séu allir reknir sem eitt flugvallakerfi innan Isavia.
- Leggja þarf áframhaldandi áherslu á skosku leiðina og að hún komi til framkvæmda sem fyrst.

Ljóst er að nú í lok árs 2018 þarf að fylgja því eftir að fá aftur fjármuni í sérstakt kynningarátak frá ANR.

Atvinnu- og nýsköpunarráð lagði fjármuni til Austurbrúar og Markaðsstofu Norðurlands sem nam 20 milljónum á hvort svæði. Fjármunirnir voru eyrnamerkir í sérstakt kynningarátak tengt flugvallaverkefninum. Austurbrú hefur unnið tvö myndbönd á árinu 2018 sem verða kynnt á næstu vikum. Einnig hefur þetta fjármagn sem ráðuneytið lagði til verið nýtt til að fara erlendis á sérhæfðar sýningar sem henta verkefninu, borga ferðakostnað tengt samtölum við flugfélög, greitt framleiðslu á efni til nota í verkefninu sem og að taka á móti blaðamönnum. Forsenda fjárveitingarinnar 2018 var að til staðar var stuðningur frá sveitarfélögum á landssvæðunum. Meiri líkur eru á að fá aftur stuðning á árinu 2019 ef hægt er að sýna fram áframhaldandi fjárhagslegan stuðning við verkefnastjórnunina sem liggur að baki flugvallaverkefninu.

Það er ljóst að ofangreindir verkþættir kalla á vinnu á árinu 2019 byggða á þeirri vinnu sem unnin hefur verið á undanförunum árum.



Meðfylgjandi er gróf tíma/kostnaðaráætlun vegna ársins 2019.

Verkáætlun - tímaáætlun AB		Kostnaðaráætlun	
Verkþættir	Tímar	Tegund kostnaðar	Fjárhæð
Bein samtöl við flugfélög	280	Verkefnastjórnun Austurbrú	10.976.000
- tenging við Keflavík		Kaup á sérfræðiaðstoð við gerð uppbyggingarskýrslu	3.500.000
- beint flug í Egs		Funda og ferðakostnaður	450.000
Vörubrún - Ráðstefnalandið Austurland	200	<b>Samtals</b>	<b>14.926.000</b>
Kynningarátak í samstarfi við ANR	100		
Hagsmunagæsla	400	<b>Fjármögnun</b>	
- flugbrúnarsjóður		Sveitarfélögin	8.926.000
- eldsneytisverð		SSA - sóknaráætlun	3.000.000
- uppbyggingaráætlun		Austurbrú (atvinnubrún)	3.000.000
- breyting á rekstrarfyrirkomulagi		<b>Samtals</b>	<b>14.926.000</b>
- skoska leiðin			
<b>Samtals vinna Austurbrúar</b>	<b>980</b>		


Til upplýsinga þá er ofangreindri fjárhæð skipt upp á grundvelli sömu skiptireglu og almennt er í verkefnum Austurbrúar þ.e. íbúafjölda.

2019 Flugvallaverkefni	Fjöldi íbúa 1. janúar 2018*	Tillaga að skiptingu
Borgarfjarðarhreppur	108	91.942
Djúpavogshreppur	461	392.455
Fjarðabyggð (og Breiðdalshr.)	4962	4.224.207
Fljótsdalshérað	3547	3.019.602
Fljótsdalshreppur	76	64.700
Seyðisfjarðarkaupstaður	676	575.487
Vopnafjarðarhreppur	655	557.609
	<b>10.485</b>	<b>8.926.000</b>

\*Míðast við íbúafjölda 1. janúar 2019 en 2018 er notuð til viðmiðunar í þessum útreikningi

Austurbrú óskar eftir aðkomu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA að fjármögnun „flugvallarverkefnisins“ á árinu 2019 á grundvelli ofangreindra áherslna.

Virðingarfyllst:



Jóna Árný Þórðardóttir  
Framkvæmdastjóri Austurbrúar

